

Auglýsing um breytingu á gjaldskrá fráveitugjalda í Sveitarfélaginu Árborg nr. 199/2008

1. gr.

Eftirfarandi breyting verði gerð á 2. mgr. 3. gr.:

Álagningarstofn gjaldsins skal vera fasteignamat viðkomandi fasteigna. Fjárhæð gjaldsins skal nema 0,2512% af fasteignamati viðkomandi fasteignar.

2. gr.

Eftirfarandi breyting verði gerð á 4. gr.:

Fyrir hreinsun og tæmingu rotþróar skal húseigandi greiða eftirfarandi rotþróargjald fyrir hverja losun fyrir sig:

Stærð í lítrum	Rotþróargjald í kr.
Rotþró < 4.000	49.292.-
Rotþró 4.001-6.000	65.226,-
Rotþró > 6.000	12.187 kr. pr. umfram rúmmetra.

Verð miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að standa fjær rotþró en 10 metra. Fyrir hverja 10 metra umfram það skal greiða kr. 3.475,-.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem öðlast þegar gildi, er samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar með heimild í 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009, 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og samþykkt um fráveitur í Sveitarfélaginu Árborg nr. 126/2004.

Selfossi, xx. desember 2019

Gísli Halldór Halldórsson
bæjarstjóri Sveitarfélagsins Árborgar